

Alþingi  
Velferðarnefnd  
105 Reykjavík

149. löggjafarþing 2018–2019  
Þingskjal 19 — 19. mál  
Send til nefndasviðs Alþingis

Reykjavík, 12. október 2018  
Mímir-símenntun ehf

## Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um stofnun ráðgjafarstofu innflytjenda

Fyrir Alþingi liggur nú tillaga til þingsályktunar um stofnun ráðgjafarstofu innflytjenda, að Alþingi álykti að fela félags- og jafnréttismálaráðherra að koma á fót ráðgjafarstofu innflytjenda, þ.m.t. að leggja til viðeigandi lagabreytingar.

Í tillögunni kemur fram að hlutverk slíkrar stofu verði að bjóða upp á aðgengilega ráðgjöf og upplýsingar til innflytjenda um þjónustu, réttindi og skyldur. Ráðgjafarstofan verði jafnframt vettvangur fyrir félagslegan og sálfélagslegan stuðning til að renna styrkari stoðum undir árangursríka samfélagsþátttöku á Íslandi. Ráðherra hafi náði samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga og leiðandi sveitarfélög á sviði innflytjendamála um uppbyggingu og rekstur ráðgjafarstofunnar, Rauða krossinn, verkalyðshreyfinguna og önnur félagasamtök og stofnanir sem koma að málefninu. Áætlað er að ráðherra kynni Alþingi áætlun um verkefnið eigi síðar en 1. maí 2019.

### Samlegð við starfsemi Mímis

Fulltrúar Mímis-símenntunar telja ástæðu til að skoða mögulegt samstarf ríkis og sveitarfélaga annars vegar og Mímis hins vegar um framkvæmd þeirra verkefna sem hér um ræðir enda virðist liggja mikil samlegð við þau verkefni og þjónustu sem er nú þegar til staðar hjá Mími. Samstarf um stofnun ráðgjafarstofu fyrir innflytjendur gæti því beinlínis verið útvíkkun á núverandi starfsemi Mímis með og fyrir innflytjendur.

Þess ber að geta að Mímir hefur sterka tengingu við vinnumarkaðinn þar sem Alþýðusamband Íslands er eigandi Mímis og er fyrirtækið rekið til almannaheilla, án hagnaðarsjónarmiða. Þá rekur Mímir tvær starfsstöðvar í Reykjavík, að Höfðabakka 9 og Öldugötu 23, og mætti ef til vill skoða staðsetningu ráðgjafarstofu í því samhengi.

## Hátt í þrjú þúsund innflytjendur heimsækja Mími árlega

Hjá Mími er dýrmæt þekking og reynsla af kennslu og ráðgjöf fyrir innflytjendur, sem og þátttöku í ýmsum þróunarverkefnum sem varða aðlögun og færni innflytjenda. Á milli tvö og þrjú þúsund innflytjendur heimsækja Mími á ári hverju til að sækja sér nám og ráðgjöf og/eða þreyta próf fyrir íslenskan ríkisborgararétt. Mímir hefur því sérstöðu hvað þetta varðar enda ekki vitað til þess að annar eins fjöldi innflytjenda sækji sér slíka þjónustu hjá öðru fyrirtæki eða stofnun á Íslandi. Þá á Mímir samstarf við Rauða krossinn um að skapa innflytjendum vettvang til að efla félagslega færni sína í íslensku samfélagi með staðgóðri kunnáttu í íslensku.

Innan raða Mímis er vilji til að nýta þessa sérstöðu enn frekar í samstarfi við hið opinbera og vinnumarkaðinn til að innflytjendum bjóðist enn betri og skilvirkari þjónusta sem miðar að því að styðja þá til virkrar samfélagslegrar þátttöku í íslensku samfélagi.

Með hraðvaxandi fjölgun innflytjenda frá ýmsum heimshornum hefur þörf fyrir þjónustu og stuðning hér á landi aukist gríðarlega. Hlutfall erlends vinnuafls á Íslandi hefur aukist hratt á milli ára samkvæmt tölum úr vinnumarkaðsrannsókn Alþýðusambands Íslands (mars 2018) en þar segir meðal annars: „Árið 2017 var fjöldi erlendra ríkisborgara sem fluttust til Íslands umfram þá sem fluttust héðan í sögulegu hámarki og nú er talið að erlent launafólk sé að minnsta kosti 12–13% launafólks á Íslandi.“

## Símenntunarmiðstöðvar mynda net um land allt

Samkvæmt greinargerð umræddrar þingsályktunartillögu er markmið hennar „...að koma á fót miðlægi upplýsingastofu þar sem innflytjendur geta sótt allar þær upplýsingar um þjónustu, réttindi og skyldur sem auðvelda þeim að koma sér fyrir í nýju samfélagi. Með tillögunni er gert ráð fyrir að ráðgjafarstofa innflytjenda verði samvinnuverkefni ríkis og sveitarfélaga og þar geti innflytjendur sótt sér upplýsingar þvert á sveitarfélög.“

Í þessu samhengi er vert að nefna að Mímir er hluti af stórrí keðju sem hringar allt landið því ellefu símenntunarmiðstöðvar eru starfræktar á landinu og veita ýmiss konar þjónustu í heimabyggð (tæplega sextán þúsund manns sóttu sér nám hjá símenntunarmiðstöðvum á Íslandi árið 2016). Þetta net miðstöðva mætti hæglega nýta til að uppfylla kröfur um samstarf og þjónustu á landsvísu. Nú þegar hafa allar símenntunarmiðstöðvarnar sýnt áhuga á að koma að þeirri ráðgjöf og þjónustu við innflytjendur sem hér um ræðir og hefur framkvæmdastjóri Mímis fengið umboð þeirra til þess að koma áhuga þeirra á framfæri við viðkomandi aðila og vinna málinu frekari farveg.

## Langflestir innflytjendur á höfuðborgarsvæðinu

Eins og fram kemur í þingsályktunartillögunni verður ekki fram hjá því horft að langflestir innflytjendur eru á höfuðborgarsvæðinu. Nú þegar er Fjölmeningarsetur starfrækt á Ísafirði og sinnir góðu starfi þar. Verkefni þess snúi hins vegar að miklu leyti að stjórnáslunni, sveitarfélögum og ráðuneyti, sem og upplýsingasöfnun, þó upplýsingagjöf til einstaklinga sé einnig á verkefnaskránni. Þar sem flestir innflytjendur eru á höfuðborgarsvæðinu mætti færa rök fyrir því að ráðgjafastofa fyrir innflytjendur yrði ekki síður staðsett þar. Í þingsályktunartillögunni kemur jafnframt fram að mikilvægt sé að ráðgjafarstofan


nýtist öllum óháð staðsetningu og því verði hugað vel að upplýsingatækni og unnið verði að því að þjónustu verði hægt að veita í gegnum fjarfundabúnað, svo sem viðtöl í gegnum Skype eða annan búnað.

#### **Samstarf á landsvísu**

Vel væri hægt að hugsa sér samstarf símenntunarmiðstöðva og Fjölmenningsseturs, ekki síst vegna staðsetningar þeirra á landsvísu, þeirrar reynslu og þekkingar á starfi með innflytjendum sem þar er, sem og tæknibúnaðar sem til staðar er til að veita þjónustu.

Hér er þess óskað að skoðuð verði möguleg aðkoma Mímis að framkvæmd ráðgjafarstofu innflytjenda, sem og annarra símenntunarmiðstöðva.

**Reykjavík, 12.10.2018**



Sólveig Hildur Björnsdóttir  
Framkvæmdastjóri  
Mímir-símenntun

*Fylgiskjal:*

*Umboð símenntunarmiðstöðva til Sólveigar Hildar Björnsdóttur*



26. september 2018

Sólveig Hildur Björnsdóttir  
Framkvæmdastjóri Mímis-símenntunar

**Efni: Umboð til viðræðna við Kolbein Proppé, fyrsta flutningsmanns um tillögu til þingsályktunar um stofnun ráðgjafamiðstöðvar fyrir innflytjendur, sem og aðra þingmenn sem málið varða.**

Fundur forstöðumanna fræðslu- og símenntunarmiðstöðva innan Kvasis, haldinn 26. september 2018, veitir Sólveigu Hildi Björnsdóttur umboð til að kynna Kolbeini Proppé, fyrsta flutningsmanns tillögu til þingsályktunar um stofnun ráðgjafamiðstöðvar fyrir innflytjendur, og öðrum þingmönnum sem málið varða, starf fræðslu- og símenntunarmiðstöðva innan Kvasis, það net sem þær mynda hringinn í kringum landið og þá þjónustu sem þær veita nú þegar innflytjendum. Sólveigu Hildi er jafnframt veitt umboð til þess að greina frá áhuga umræddra símenntunarmiðstöðva á frekari aðkomu þeirra að ráðgjöf fyrir innflytjendur í samstarfi við hið opinbera.

Virðingarfyllst.

Bryndís Þráinsdóttir Williams, Farskólanum- miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra,  
Elfa Hermannsdóttir, Fræðslumiðstöð Vestfjarða,  
Eyjólfur Sturlaugsson, Fræðslunetinu – símenntun á Suðurlandi,  
Guðjónína Sæmundsdóttir, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum,  
Guðrún Jónsdóttir, Austurbrú,  
Inga Dóra Halldórsdóttir, Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi,  
Óli Halldórsson, Þekkingarneti Þingeyinga,  
Sólveig Hildur Björnsdóttir, Mími – símenntun,  
Valgeir Magnússon, SÍMEY,  
Valgerður Guðjónsdóttir, Visku – símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja,  
Vigdís Ásmundsdóttir, Framvegis -miðstöð símenntunar.